

Bubbi í 30 ár - árið 2010.

Skrifað af Bardur - 2009/06/10 13:25

Langar að íta hér af stað umræðum um hvað og hvernig menn sjái afmælisárið 2010 í plötuútgáfu sem tengist Bubba. - Líklega er það ljóst að sú fjárhagsástandið og gengi íslensku krónunnar setur verulegt strik í reikninginn hvað varðar útgáfur platna með Bubba á næsta ári. Þó manni dreymi þar margvíslega drauma er ekki líklegt að þeir rætist. Held að þegar hafi verið tekin ákvörðun Sögu- safnplötturnar fái ekki framhald og verði heldur ekki endurútgefnar. Þrátt fyrir þá held ég að endurútgáfa á viðhafnarútgáfum sé ekki heldur inn í myndinni. Því miður. Hefði gjarnan viljað sjá katalóginn kláraðann það er plötur alla vega frá 1990-2000 í viðhafnarútgáfum. En sá draumur mun líklega ekki heldur rætast. Þessar plötur allar sem framleiddar voru í takmörkuðu upplagi koma til með að teljast til sérstakra safngripa meðal safnara fljótlega.

Eftir stendur einhverskonar afmælisútgáfa. Líklega ein - Kannski spurning um einhverjar endurútgáfur á eldri plötum í upprunalegri mynd (án þess ég viti það, spurning um lagerstöðu platna Bubba) En hvernig afmælisútgáfa? 2xCD getur ekki verið málið - Það verður líklega einhverskonar pakki og þá fer maður að giska á svona miðað við ástandið 3-4 plötu með 1-2 DVD - 5xCD pakkinn? eins og menn hafa verið að gefa út undanfarin misseri? ekki ólíklegt. Já líklega bitnar það vel á afmælisárinu ef evran verður í 175 krónum líkt og nú er.

Ég veit ekki hvernig menn ætla að raða niður á slíkan pakka því líklega verður þar allt efni Bubba gjaldgengt það er Utangarðsmen Egó, Das Kapital og GCD. Ef svo yrði þá tækju þessar sveitir líklega eina plötu og þá eru eftir 2-3 pötur fyrir sólóferilinn. Það yrðu ótrúlega margir gullmolar af ferli Bubba sem ekki fá að taka þátt í afmælisveislunni. Nú er fá stórfyrirtæki eftir sem stutt geta útgáfur eða afmælisveislur af einhverju marki. Við búum nefnilega orðið í ríkisreknu þjóðfélagi, ekki ólíkt Sovét til forna;)

Hvernig sjáið þið þetta fyrir ykkur?

Re:Bubbi í 30 ár - árið 2010.

Skrifað af Trausti - 2009/06/13 20:09

Veit það ekki Bári. Það er allavegana á hreinu að það verður ekki farið úti neitt nema það sé nokkuð öruggt um að það seljist þok Sem þýðir að það er ekkert endilega farið í útgáfu á einhverju sem við viljum. Þetta snýst um peninga og fátt annað en það er auðvitað sjálfsagt að hugleiða þetta og láta sig dreyma. Auðvitað mudni maður vilja þennan fræga dvd pakka sem er búið að tala um í mörg ár. Og mér finnst nú líklegt að hann falli undir skyliðið sem ég tala um hérna í upphafi. Ég er ekkert endilega viss um að fólk vilji enn eina útgáfuna með Þjóðsöngnum, Blindsk Afngan og öllum hinum gullmolunum. Kannski væri bara tvöföld tónleikaplata málið, frá 30 ára afmælistónleikum eða eitthvað slíkt blönduðu efni, aðallega lögum sem Bubbi tekur sjaldan á tónleikum. Eða bara unnin úr öllu því live efni sem til er með honum. Slatti af tónleikaefni er líka til í myndformi, ekki væri það nú dónalegt. Held þetta sé bara spurning um það hvernig Sena sé stefna þegar ákvörðun um þetta verður tekin.

Re:Bubbi í 30 ár - árið 2010.

Skrifað af Bardur - 2009/06/18 07:38

Já, mín tilfinning er að það sorglega muni gerast, Það verði farið út í enn einn Best of pakkann. Ég giska á 3 plötur með tveim DVD það er 5 plötu pakki. Þá með öllum lögum í vali það er hljómsveitunum líka. Það yrðu þetta c.a. 60 lög plús DVD. Því miður þá ve bitastæðu efni fyrir okkur sem höfum safnað þessu nema bara útgáfan sem slík. Svo sennilega kemur lagið Ísbjarnarblús þá út í 18 sinn á nýju plötuheiti. Eini möguleikinn er að mönnum detti í hug að koma með einhverskonar limit útgáfu með aukaplötu eins og gert var með Sögur 1980-1990.

Allavega er sú ákvörðun komin í hús að Sögur verði ekki endurútgefnar en ég hefði svo glaður viljað sjá þá klára það safn. Ég va ánægður með fyrstu plötuna í því safni (lagaval og uppröðun) Hundfúll út í seinni plötuna þó ég ætti þar hlut að máli, en ég fékk l með lagavalið, því ég vildi stinga inn meiru að óútgefnu efni á kostanð efnis sem átti þar ekki að vera. Þegar það var ekki samþyl eiginlega gaf ég eftir lagavalið, en dauðsé eftir því enn í dag. Tel að sú plata hefði orðið mikið sterkari ef ég hefði reynt til þrautar. Reyndar var komið Ded-line á plötuna svo það varð að stökkva og klára málið í kvelli.

Það er óneytanlega broslegt að Egóíð er þessa daganna að senda frá sér efni sem kemur til með að gera tilkall til þess að komast þennan 60 laga pakka ef sú ákvörðun verður tekin sem ég held. Veit ekki hvernig menn ætla að fara að því að henda út klassísk gollmolum í þetta sinn. En það verður gaman að fylgjast með.

Re:Bubbi í 30 ár - árið 2010.

Skrifað af Orri - 2009/08/18 09:07

Já mér finnst það sorglegt ef það verður gefinn út einhver best of pakki. Ég er ekki spenntur fyrir því og ég set spurningamerki við svoleiðis plötur á dögum I-poda og niðurbands.

Ég held að menn eigi alls ekki að grafa viðhafnarútgáfur af plötum Bubba eins og var gert við sólóplötur frá '80-'90. Þær voru heil mjög vandaðar og merkilegar.

Ég held, án þess að ég viti það, að viðhafnarútgáfur við plötur frá '90-'00 yrðu enn skemmtilegri því ég vona að meira af upptökum hafi varðveist frá þessu tímabili.

Ég held að ég hafi sagt það hérna einhversstaðar áður að mér finnst næsta skref vera að gefa út þessar 3 GCD/Bubbi & Rúnar úr einum pakka. Það yrði viðhafnarútgáfa með demóum, tónleikaupptökum, myndböndum og ekki má gleyma Eiðalaginu 1992 Allir elska að gera það sem tími er kominn á að heyrast!

Að því loknu má smám saman gefa út sólóplötur tíunda áratugarins í viðhafnarútgáfum. Kannski er þetta ekki söluvænlegt til skammst tíma en það má alveg gera þetta eftir smá tíma þegar betur árar.

Re:Bubbi í 30 ár - árið 2010.

Skrifað af Bardur - 2009/08/21 12:06

Að mörgu leiti er ég alveg hjartanlega sammála þér Orri hvað endurútgáfunar varðar. Held að flestir sem eitthvað er að stússast í að hlusta á tónlist eigi sitt Best of af Bubba í tölvunni eða annarstaðar. Enda má sjá hve mikið er farið að fækka svona Best of útgáfu erlendis og í staðin allskonar viðhafnarútgáfum og fáheyrðu efni gerð betri skyl.

Ég yrði t.d. ekkert lengi að velja efni á sólóplötunna 90-2000. Efnið lyggur nánast klárt fyrir með smá undantekningum. Ferill í greinaskrifum með plötunum er það þekktur að það yrði ekki lengi gert að skrifa pistil um hverja plötu. Þannig að kostanður við þá t.d. mun minni en var með sólóplötunna 80-90.

Já er ég á því að Bakka saman Utangarðmönnum - Egó - GCD í þrjá pakka. Það yrði bara flott. Að vísu er ekki mikið til með Utangarðmönnum í mynd og þó ef vera skyldi að Norska og eða sænska sjónvarpið ætti enn sínar upptökur. Sjónvarpsupptökur Egóinu og GCD einnig. Bæði innan RÚV og annarstaðar.
